

BADMINTONSAMBAND ÍSLANDS

BADMINTON ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími/Tel: +354 514 4045 bsi@badminton.is, www.badminton.is



28.ágúst 2019 Reykjavík

Færslur milli flokka

Þann 25.september 2019 tóku í gildi nýjar reglur er snýr að færslum milli flokka sem stjórn Badminton sambands Íslands hefur samþykkt.

Þeir leikmenn sem verða Íslandsmeistarar hverju sinni í A eða B flokki, óháð grein, munu missa réttinn til áframhaldandi þátttöku í þeim flokki. (færðir upp um flokk). Einnig munu þeir einstaklingar sem verða stigahæstir á styrkleikalistanum í sínum flokki (samanlögð stig úr einliða- , tvíliða- og tvenndarleik) missa réttinn til áframhaldandi þátttöku í þeim flokki (færðir upp um flokk). Eru það 5 bestu mótin í hverri grein á tímabilinu sem telja þegar reiknuð eru heildarstig styrkleikalistans.

Verði leikmaður Íslandsmeistari (í einhverri grein) eða stigahæstur á styrkleikalista og kjósi hann að óska eftir að verða ekki færður upp um flokk þá þarf leikmaður ásamt félagi að senda inn beiðni til stjórnar BSÍ þess efnis að ekki sé talið ráðlegt að færa leikmann upp um flokk að svo stöddu. Mun stjórn BSÍ þá taka afstöðu til þess.

Er því einungis fært á milli flokka í lok keppnistímabils hvers árs (maí/júní).

Þá verður einnig gerð breyting á stigagjöfum á styrkleikalistunum en áður hefur verið mismunandi stigagjöf á milli einliðaleiks og tvíliða- og tvenndarleiks. Munu nú allar greinar gilda jafnt.

		M.fl , A.fl, B.fl og unglingaflokkar
Sæti	vægi %	Einliðaleikur/Tvíliða-tvenndarleikur
1.	1,00	180
2.	0,75	135
3.-4.	0,50	90
5.-8.	0,25	45

Ath. að leikmönnum er alltaf heimilt að spila upp fyrir sig um flokk. Því geta t.d A.flokks leikmenn alltaf kosið að skrá sig til leiks í móti í Meistaraflokk.

BADMINTONSAMBAND ÍSLANDS

BADMINTON ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími/Tel: +354 514 4045 bsi@badminton.is, www.badminton.is



Spurningar og svör

1. Geta leikmenn eða félög óskað eftir að færa leikmenn upp um flokk?
 - a. Nei einungis þeir leikmenn sem verða Íslandsmeistarar eða stigahæstir á styrkleikalista munu hljóta færslu og þar af leiðandi missa réttinn til þátttöku í þeim flokki sem þeir urðu Íslandsmeistarar eða stigahæstir í.
2. Geta leikmenn eða félög óskað eftir að færa leikmenn niður um flokk?
 - a. Já. Þá þarf erindi að berast til stjórnar BSÍ frá leikmanni og félagi um að leikmaður og félag óski eftir því að færa leikmann niður um flokk.
3. Verður áfram fært um áramót og á vori?
 - a. Nei einungis í lok keppnistímabils hvert ár (maí-júní).
4. Ef leikmenn færast upp um flokk eru þeir þá verr staddir stigalega séð gagnvart öðrum leikmönnum þar sem styrkleikalisti fullorðinni heldur sér á milli ára?
 - a. Nei, þar sem það er einungis styrkleikalistinn í lok tímabils sem gildir þá gengur jafnt yfir alla þegar snýr að færslum milli flokka.
5. Gildir enn reglan um þá leikmenn sem eru orðnir 40 ára að þeir ráði í hvaða flokki þeir spila?
 - a) Já hún gildir enn þó með undantekningum.
 - Leikmaður sem er 40 ára á árinu eða eldri og verður Íslandsmeistari í A-flokk í einhverri grein missir réttinn á að spila í B-flokk þar sem hann ætti með réttu að færast upp í M.fl
 - b) Í A-flokki geta allir keppt nema meistaraflokksleikmenn. Leikmenn meistaraflokks sem eru 40 ára á árinu eða eldri geta valið um að keppa í A-flokki.
 - c) Í B-flokki geta allir keppt nema meistaraflokks- og A-flokks leikmenn. Leikmenn A-flokks sem eru 40 ára á árinu eða eldri, geta valið um að keppa í B-flokki.
 - a. Leikmenn sem hafa verið skráðir á einhverjum tímapunkti í M.fl geta ekki keppt í B-flokki